

# í Cato með Tom Palmer



Jón Hákon  
Halldórsson  
framkvæmdastjóri SUS

Ungir sjálfstæðismenn lögðu land undir fót í byrjun október síðastliðnum og héldu til höfuðborgar Bandaríkjanna, Washington DC, í aðdraganda forsetakosninganna síðasta haust. Í ferðinni hittum við fjölda fólks sem setur svip sinn á bandarísk stjórnsmál, annað hvort með þátttökum eða gagnrýnni umræðu. Tom Palmer, einn forstöðumanna (senior officer) Cato-stofnunarinnar, er einn þeirra og hann reyndist svo hugsulsamur að taka á móti okkur í morgunverðarboði.

Höfudstöðvar Cato-stofnunarinnar eru staðsettar á Massachusetts Avenue. Húsið er stórt og glæsilegt en samt þannig hannað að varla fer nokkur fermetri til spillis. Að sögn forsvarsmanna stofnunarinnar er öll starfsemi hennar í þessum stil. Þeir segjast vera með umfangsmikla starfsemi sem að mestu leyti sé studd með framlögum frá almenningi. Fari þeir að bruðla með peninga hætti fólk einfaldlega að styrkja þá.

## Fylla tómarúm í stjórnámum

Palmer byrði á að segja frá því að Cato-stofnunin hefði verið sett á fót árið 1977 af frædimönnum og mönnum úr viðskiptalífinu. Pessir menn hafi viljað fylla í ákveðið tómarúm í stjórnámáumræðunni vegna þess að þeim hafi fundist vanta rödd frjálslyndis. „Fyrir voru íhaldsmenn sem voru stundum markaðinn en voru samt oft ringlaðir þegar kom að umræðum um frjálsa verslun og voru alltaf tilbúnir til þess að láta frjálslynda hugsun víkja í þágu þjóðaröryggis og voru jafnframt þvingaðir af málamiðlunum við ýmis ófl sem voru stundum alls ekki talsmenn frjálslyndis en höfðu stofnað einhverkskonar bandalög með íhaldsmönnum. Íhaldsmenn bléu líka á margskonar frjálslyndi í einkalífi fólk og vildu setja alls kyns skorður við því hvað fólk gerði í frítíma sínum, hvað það gerði í svefnherbergini og svo framvegis,“ segir Palmer. Hann tekur fram að þeir sem hafi talið sig tilheyra frjálslyndri stjórnámastefnu í Bandaríkjnum á þessum tíma hafi varla verið neitt skárr en íhaldsmennirnir, margir þeirra jafnvel verri. Þótt þeir hafi kennit sig við frjálslyndi hafi hugmyndir þeirra ekki verið byggðar á neinum grundvelli. „Þeir aðhylltust sósíaldemókratisma, næstum því í norrænum skilningi. Ríkisvaldið átti að taka ábyrgð á einstaklingnum frá því að hann fæddist og þangað til hann lést. Ríkisvaldið átti jafnframt að segja honum hvað hann ætti að segja og hvað hann ætti að hugsa. Þannig að þó þeir aðhylltust tjáningarfrelsí og skoðanafrelsí í orði þá var það varla á bordi,“ segir Palmer og

leggur áherslu á að það hafi verið þessi hugsunarháttur sem Cato-stofnunin átti að vinna gegn.

Palmer segir að það sé hlutverk stofnunarinnar að kynna frjálslyndar hugmyndir fyrir almenningu og taka þátt í að móta stefnu sem stjórnvöld geti nýtt sér. Hann segir jafnframt að stofnunin varist að taka þátt í flokkapólitík og styðji ekki einstaka flokka. Fyrir vikið sé hún mun virtari en ella. Palmer segir að mikil hafi áunnist á svíði efnahagsmála í Bandaríkjum. Demókratar hafi tileinkað sér kapitalismann og það hafi verið að mestu leyti Carter og Clinton að þakka. „Clinton var ekki svo slæmur forseti, þótt hann hafi átt í erfðoleikum með buxnaklaufina sína og rekið fáránlega utanríkisstefnu. Clinton skaut Íraka niður á handahófskenndan hátt og drap reyndar fleiri Íraka en George Bush, þótt auðvitað hafi enginn tekið eftir því. Í hvert skipti sem Monica Lewinsky birtist í sjónvarpinu fór Clinton að skjóta niður Íraka,“ segir Palmer en leggur mikla áherslu á að hann hafi verið frjálslyndur í efnahagsmálam og alþjóðavíðaskiptum og stigið stór skref í attil aukinnar markaðshyggi.

Á vegum Cato-stofnunarinnar er starfrækt öflugt bókaforlag sem gefur út bækur og rit um hagfræði og önnur samfélagsmál. Bókin *Cowboy Capitalism* eftir Þjóðverjann Olaf Gerseman er Palmer sérstaklega hugleikin. Í bókinni segir Gerseman frá þeim ranghugmyndum sem margir Evrópubúar virðast hafa um Bandaríkin. Gerseman áleit sjálfur þegar hann fluttist fyrst frá Þýskalandi til Ameríku að þar ynnu allir fյogur störf, fólk hefði ekki tíma til að sinna börnumunum sínum og enginn hefði trygga sjúkratryggingu, heilbrigðisþjónustu og svo framvegis. Þessar sögusagnir hafði Gerseman heyrt í Þýskalandi og hafði enga ástæðu til að v fengja þær. Þegar hann hafði búið í Bandaríkjum um nokkurt skeið og starfað þar sem blaðamaður komst hann að raun um annað. Bandaríkin væru alls ekki fullkominn en langt fr  því a  vera eins sl m  og þeim var lýst í Þýskalandi. Palmer segir a  Gerseman sé góður hagfr ingur og þegar hann hafi sko da  hagfr it l r „komst hann a  því a  allir þeir þettir sem haf i veri d  l yst me d svo skelfilegum h etti voru miklu verri í Þýskalandi en Bandaríkjum. Fleiri Þj  verjar vinna tv  st rf en Bandaríkjumenn. Atvinnuleysi er miklu minna í Bandaríkjum og miklu skammvinnara en í Þýskalandi.“ Tom Palmer segir a  þessar vangaveltur hafi skipt m li i  a draganda forsetakosninganna síðastli i i haust vegna þess a  John Kerry hafi itreka  sagt a  hann horf i mikil til Frakklands, vegna þess a  þar v ri n  allt miklu betra en i 



Bandaríkjunum. Staðreynindin væri hins vegar sú að fjölmargir Frakkar flýðu land og setjist þá í flestum tilfellum að í Bandaríkjunum og Bretlandi.

### Hryðjuverkaógnin

Ferðalangarnir frá Íslandi tóku glöggt eftir því hversu ströng gæslan á flugvellinum í Baltimore er orðin. Palmer tekur undir þetta og segir að sú þróun sé óeskileg og að Cato hugi miðið að þessu. Hann segir að löggið sem kölluð er USA Patriot Act hafi verið samþykkt í þinginu án þess að nokkur þingmaður læsi löginn og að það sé skammarlegt. Hann segir að sumir þættir í lögnum séu vel réttlætanlegir, aukin fjarframlög til þeirra stofnana sem berjist gegn hryðjuverkaógninni, heimild leyniþjónustustofnana til aukins samrás og fjármagn til að betrumbaða tölvtuteknina hjá FBI, séu þættir sem hanni geri engar athugasemdir við. Því miður sé þar fleira sem mætti betur fara. „Saksóknar óskaði eftir heimild í USA Patriot Act til þess að handtaka útlendinga og halda þeim í 36 daga án þess að leggja fram ákæru en vanim er að slík heimild vari í 48 klst. Þetta var tekið út úr upprunalegum drögum að lögnum og það er ein jákvaðasta breytingin sem var gerð að okkar frumkvæði. En því miður kom ekkert betra í staðinn, því að að frumkvæði Ashcrofts, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er nú búið svo um hnútana að stjórnvöld geta tekið fólk höndum og haldið því um óákeðinn tíma án þess að leggja fram ákæru, allt í nafni baráttunnar gegn hryðjuverkum.“ Palmer fagnar því að hæstiréttur hafi úrskurðað að þessi ákvörðun lögjafans vari ólögmæt, Cato hafi mótmælt þessari tillögu Johns Ascrofts harðlega. Palmer er harðorður í garð Johns Ascrofts, telur að hann beri enga virðingu fyrir stjórnarskránni og hafi orðið sér til skamar.

Palmer telur að baráttan gegn hryðjuverkum muni aldrei enda. Hann bendir á að strið gegn hryðjuverkum sé ekki strið gegn skýrt skilgreindum óvinum heldur sé það strið gegn ákveðinni baráttuaðferð og slík strið sé ekki hægt að vinna. Í seinni heimsstyrjöldinni hafi verið barist gegn skýrt skilgreindum óvinum, þjóðernissózialistum í Þýskalandi. Al Qaeda sé líka skýrt skilgreindur óvinur og strið gegn slíkum aðilum sé hægt að vinna. „En það er ekki hægt að vinna strið gegn hryðjuverkum,“ segir hann. Palmer telur að margvislegar öryggisráðstafanir sem eigi sér stað á flugvöllum séu tilganglausar, til dæmis að gramsa í töskum og að taka fingraför og ljósmyndir af fólk í flugvöllum. Slík hnýsnir í einkalif fólk sér ekki til þess fallin að auka öryggi þess. Palmer varar við því að gengið sé á persónurettindi og of miklum peningum eytt til þess að verjast hryðjuverkum. Hann segir að umræðan um hryðjuverk sé oft og tíðum á tilfinningalegum nótum og það þurfi að gæta meira að raunsæi í þeiri umræðu. „Hættan á því að verða fyrir hryðjuverkum er minni en hættan á því að vera stungin af býflugu,

síona fyrir meðalmanneskju,“ segir hann. Palmer telur aðrar leiðir betri til þess að verjast hryðjuverkum. Cato vilji að Bandaríkjamenn eyði meira fjármagni í að hjálpa Rússum að finna virka kjarnaðda sem getu ef til vill lent í höndum óeskilegra aðila sem myndu stefna þeim að Bandaríkjunum. Það sé mun skynsamlegra en að eyða of miklum peningum í leit að rakvélahnifum í töskum hjá einstaklingum á flugvöllum.

### Áróðursmiðlar

Talið barst að Michael Moore og hvað hægrimenn geti gert til þess að vinna gegn þeim áhrifum sem hann hefur á skoðanir fólks. Palmer segir að það sé erfitt að vinna gegn myndum Moores, því hann sé vinsæll. John Stossel gangi samt ágætlega og nái áhorfi 15-20 milljóna manna á hverju föstudagskvöldi sem sé ágætt miðað við bandarískan markað. „Hann er líka hataður af öllum vinstri fréttamönnunum. Þegar hann aðhyltitist vinstri stefnu var hann að fá fullt af verðlaumum en þegar pólitisk sjónarmið hans breyttust hætti hann gersamlega að fá verðlaun,“ segir Palmer og greinilegt er að hann telur stétt fjölmílamanna ekki mjög hægrisinhaða.

Palmer segir að Cato vinni aðallega að því að ná athygli fréttamiðla eins og CNN, NBC, Fox News og fleiri fréttastöðva. Í fréttapáttum þessara stöðva sé líklegt að fólk sjá talsmenn Cato. Hins vegar sjáí ekki eins margir þessa fréttatíma og myndirnar hans Michaels Moore. Cato hafi ekki gengið mjög vel að koma boðskap sínum á form vinsællar menningar en þei vinni samt með fólk sem gangi ágætlega á þessu svíði. „Á 19. öld voru margir listamenn klassískir frjálsþygjumenn, tónlistarmenn, skáld, rithöfundar, svo sem Mozart, Beethoven og fleiri voru klassískir frjálsþygjumenn, en undanfarin 100 ár hafa félagshygjumenn eða þjóðernissózialistar ráðið þessu svíði. En ef við eignum að ná árangri við að breiða út boðskap okkar þá verðum við að bæta úr þessu og koma boðskap okkar inn í sjónvarpsþárti, grímumyndir og fleira,“ segir Palmer.

Hann telur þó að það fyrirfinnsti vinsælir listamenn á meðal stuðningsmanna sem aðhylli frjálsþyggi og styðji jafnvæl Cato. „Drew Carrey er frjálsþygjumaður. Hann fer fint í þetta en ef maður skoðar það sem hann er að gera þá sér maður að frjálsþygjan er þarna í bröndurunum hans. John Stossel hefur líka verið að gera vel heppnaða fréttapátteti sem ég ráðlegg öllum að sjá. Það skiptir málí að boðskapurinn sé settur í myndmál og við ættum að gera meira af því hérra og bið aettuð að athuga hvort það ekki væri hægt að gera meira af því á Íslandi,“ bætir hann við. Palmer leggur áherslu að frjálsþygjumenn þurfi að koma boðskap sínum í meira mæli á framfæri með því að seiga sögur og birta myndir af fólk sem hægt sé að tengja við boðskapinn. Þannig muni fólk boðskapinn betur, hann verði áhrifameiri og árangursríkari.